

# Afríka, Ísland, mæður og börn

**Aðsent**

**Össur  
Skarphéðinsson**



**A**næsta ári verða framlög til þróunarhjálpar aukin um heilan milljarð. Aukin framlög til peirra sem lifa í sárrí fátækrt er í anda þess örlætis sem Íslendingar sýna jafnan þegar ákall berst frá félagsamtökum um stuðning þegar samfélög lenda í hamförum eða neyð af manna völdum steypist yfir. Alþingi speglaði þessa samkennd ríkulega með sterkuum og þverpolítískum stuðningi þegar það samþykkti einróma ályktun mína um stóreflingu alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslendinga á síðasta ári. Það voru ekki orðin tóm, einsog nýi milljarðarinn til þróunarhjálpar sýnir svart á hvítu.

## Þróunarhjálp eflir sjálfshjálp

Evrópumenn skildu svo illa við Afríku eftir aldalanga misnotkun og arðrán að margir töldu örvænt um að álfan næði sér á strik um aldir. Nú er hins vegar mikill og jafn hagvöxtur í mörgum ríkjum Afríku, sem sum hver eru við, eða að lyfta sér yfir, skilgreind fátæktarmörk. Hag-

vöxtur í Afríku, sem alla tíð hefur verið minni en í öðrum heimshlutum, hefur nú verið 7 prósent frá aldámótum.

Vissulega skiptir máli aukin nýting á auðlindum, og hærra verð á afurðum þeirra. Hitt er jafnljóst, að þróunarsamvinna hefur skilað miklum umbótum á stjórnarfari og stjórnkerfum þróunarlanda, að ógleymdu innviðum einsog heilsugæslu og menntun. Lágmarksöryggi, sem felst í aðgangi að heilsuvernd, fæðingarhjálp, hreinu vatni, jafnvælt útíkömrum, að ógleymdu grunnmenntun á borð við að læra að lesa, skrifa og reikna, gefur samfélögum nýjan þrótt og eflir þau til dáða. Þróunarsamvinna hjálpar Afríku að hjálpa sér sjálfrí.

## Íslenskur árangur

Í Afríku höfum við Íslendingar sniðið okkur stakk eftir vexti, og einbeitt okkar þróunarsamvinnu að nokkrum völdum svæðum. Þó framlög Íslands séu lítil í samanburði við framlög stórbjóða hafa þau raunveruleg áhrif á líf fjölda fólks. Árangurinn blasir viða við. Það má nefna vatnsverkefni Þróunarsamvinnustofnunar í Mangochi-héraði í Malaví og hjá Ovahimba ættbálknum í Namibíu sem hafa skipt sköpum í lífi fólkssins á svæðinu, valdið grundvallarbyltingu

á lífsgæðum þeirra og möguleikum til lífsviðurværис.

Börn sem áður gengu marga kílometra til að ná í vatn, sem oft og tiðum var óhreint og óheilnæmt, hafa nú aðgang að hreinu vatni í næsta nágrenni við heimili sitt. Samfélög sem áður voru berskjölduð á löngum þurrkatmabilum eru nú mun betur í stakk búin að vernda lífsviðurværi sín. Þurrkar valda miklum búsisfjum meðal samfélaga, hvort sem um er að ræða hirðingja- eða akuryrkjusamfélög, því án vatns þrifst ekki líf. Aðgangur að hreinu vatni dregur einnig verulega úr smitsjúkdómum vegna mengaðs vatns. Banvænum sjúkdómum eins og kóleru er útrýmt á stórum svæðum. Gott dæmi um það er einmitt Mangochi-héraði í Malaví sem ég var svo gæfuríkur að heimsækja fyrir stuttu.

Verkefni okkar snúa líka oft að jaðarhópum, sem eiga sér litla von í hördum heimi, og grundvallarmannréttindum þeirra. Fallegt dæmi um það er verkefni okkar við að auka möguleika heyrnarlausra í Namibíu til að vera virkir þáttakendur í samféluginu.

## Lóð Íslands vigtar

Ísland hefur líka tekið virkan þátt í alþjóðlegum herferðum til að ná þúsaldarmarkmiðum SP. Þar hefur náðst umtalsverður árangur. Nú telja menn

**”Aðgangur að hreinu vatni dregur einnig verulega úr smitsjúkdómum vegna mengaðs vatns**

hugsanlegt að fyrsta þúsaldarmarkmiðinu, sem snýr að því að draga úr sárafátaekt og hungri, hafi nú þegar verið náð. Ungbarnadauði hefur auk þess lækkað á heimsvísu um 35 prósent frá 1990. Dánartíðni kvenna sem tengist meðgöngu og barnsburði hefur á sama tímabili lækkað um 34 prósent. Mikill árangur hefur náðst í að bæta aðgengi að hreinu vatni. Í Afríku sunnan Sahara höfðu 252 milljónir manna aðgengi að hreinu vatni árið 1990, en árið 2008 var sú tala komin í 492 milljónir. Aðgengi barna að grunnmenntun hefur einnig aukist svo um munar í álfunni. Alls er talið að um 76 prósent barna séu skráð í grunnskóla í dag, miðað við 58 prósent árið 1990.

Ísland er að sönnu lítið, en við eiga um okkar hlut í hinni alþjóðlegu baráttu til að bæta líf þeirra sem búa við örþing og greiða leið þeirra til sjálfshjálpar. Á þeim vogarskálum vigtar íslenska lóðið.

*Höfundur er utanríkisráðherra.*